

Faxaflóahafnir sf.
Grænt bókhald
2025



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	1
Yfirlýsing stjórnar	2
Inngangur	2
Almennt um Greenhouse Gas Protocol	4
Lykiltölur í grænu bókhaldi	7
Ferðir starfsfólks í og úr vinnu	7
Raforka - notkun og sala	8
Heitt og kalt vatn - notkun og sala	8
Notkun á heitu vatni	9
Notkun á köldu vatni	10
Eldsneytisnotkun	11
Pappírnotkun	13
Úrgangur	13
Mengunaróhöpp	19
Dýpkun hafna	19
Landfyllingar	19
Gerlamælingar sjávar	20
Samantekt á lykiltölum í grænu bókhaldi 2025	22
Viðauki - yfirlýsing ráðgjafa	22

Yfirlýsing stjórnar

Stjórn Faxaflóahafna sf. er umhugað um sjálfbærni og er meðvituð um áhrif af hafnarstarfsemi sem mikilvægum stólpa í efnahagslífi Íslands og tengingu þess við önnur landsvæði. Þessu græna bókhaldi er ætlað að stuðla að góðri upplýsingagjöf og samskiptum við innri og ytri hagaðila. Stjórn álítur að gögnin séu lýsandi og rétt og að grænt bókhald 2025 innihaldi upplýsingar um helstu þætti, beina og óbeina, í rekstri Faxaflóahafna sem hafa veruleg umhverfisáhrif. Grunn gögn eru ýmist fengin úr bókhaldi Faxaflóahafna, frá birgjum eða áætluð eftir bestu vitund þegar rauntölur liggja ekki fyrir.

Stjórn Faxaflóahafna sf. samþykkir hér með grænt bókhald fyrir árið 2025.

Reykjavík 22. 05. 2026

Inngangur

Faxaflóahafnir er sameignarfyrtæki sem stofnað var árið 2004. Fyrtækið er í eigu Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Borgarbyggðar auk Skorradalshrepps. Fyrtækið tók til starfa á árinu 2015 við sameiningu hafnanna í Reykjavík, Akranesi, Grundartanga og Borgarnesi.

Rekstur fyrirtækisins felst í rekstri hafnarþjónustu, hafnarvirkja, lands og lóða auk húseigna. Hafnarþjónustan rekur dráttarbáta, vita og sæmerki, hafnarvogir, hafnsöguþjónustu, festarþjónustu auk sölu á raforku og vatni til skipa. Rekstur hafnarvirkja felst í nýbyggingum, viðhaldi og umhirðu á hafnarmannvirkjum. Rekstur lands og lóða felst í gatna- og lóðagerð á hafnarsvæðum auk viðhalds og umhirðu gatna og opinna svæða.

Faxaflóahafnir sf. leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum, að dregið sé úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfseminni, unnið sé að stöðugum umbótum og að fylgst sé með frammistöðu í umhverfismálum.

Starfsemi Faxaflóahafna er vottuð samkvæmt alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðlinum ISO 14001. Faxaflóahafnir leggja áherslu á að minnka umhverfisáhrif frá rekstri fyrirtækisins með því að nýta auðlindir á ábyrgan hátt, stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda, draga úr magni úrgangs og farga honum á ábyrgan hátt.

Grænt bókhald inniheldur upplýsingar um árangur Faxaflóahafna í umhverfismálum og þá sérstaklega loftslagsmálum. Fyrir árið 2025 er stuðst við alþjóðlega viðurkennda aðferðafræði, Greenhouse Gas Protocol (GHG Protocol) líkt og fyrst var gert árið 2018, til að sýna á skilmerkilegan máta afleidd umhverfisáhrif frá rekstri fyrirtækisins á fyrri og seinni stigum í virðiskeðju þess.

Til að meta árangur sem náðst hefur á milli ára eru niðurstöður ársins 2025 bornar saman við niðurstöður árána 2020-2025.

Tafla 1: Almennar upplýsingar um Faxaflóahafnir sf.

		2020	2021	2022	2023	2024	2025
Starfsmenn Faxaflóahafna	stöðugildi	79,5	78,5	78,5	76	76	82
Bifreiðar knúðar eldsneyti í eigu Faxaflóahafna	fjöldi	21	16	12	11	9	9
Rafbílar í eigu Faxaflóahafna		3	4	12	16	19	22
Metanbílar í eigu Faxaflóahafna			1	1	1	1	1
Bátar í eigu Faxaflóahafna	fjöldi	4	4	4	4	4	4
Flatarmál hafnarlands og lengd viðlegukanta							
Gamla höfnin	ha / m	62 / 3.370	62 / 3.370	62 / 3.370	62 / 3.370	62 / 3.370	62 / 3.370
Sundahöfn	ha / m	169 / 3.323	169 / 3.323	169 / 3.323	169 / 3.323	169 / 3.323	169 / 3.323
Ártúnshöfði, Eiðsvík og Gufunes	ha / m	0 / 0	0 / 0	0 / 0	0 / 0	0 / 0	0 / 0
Grundartangi	ha / m	657 / 760	657 / 760	657 / 760	657 / 760	657 / 760	657 / 760
Akranes	ha / m	- / 1.176	- / 1.176	- / 1.176	- / 1.176	- / 1.176	- / 1.176
Borgarnes	ha / m	- / 61	- / 61	- / 61	- / 61	- / 61	- / 61
<i>Hafnarland og viðlegukantar alls</i>	ha / m	<i>888 / 8.690</i>	<i>888 / 8.690</i>	<i>888 / 8.690</i>	<i>888 / 8.690</i>	<i>888 / 8.690</i>	<i>888 / 8.690</i>
Lóðir í eigu Faxaflóahafna	ha	323,5	323,5	323,5	323,5	310,5	310,5
Húsnæði Faxaflóahafna, valdar byggingar							
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, í notkun Faxaflóahafna	m²	1.672	1.672	1.762	1.762	1.762	1.762
Skrifstofuhúsnæði Tryggvagötu, til leigu	m²	4.127	4.127	-	-	-	
Bækistöð, Gamla höfnin	m²	1.243	1.243	1.243	1.243	1.243	1.243
Vigtarhús, Gamla höfnin	m²	93	93	93	93	-	
Vigtarhús, Akranes	m²	32	32	32	32	32	32
Hafnarhúsið Akranesi	m²	211	211	211	211	211	485
Þjónustuhús Skarfabakka	m²	360	360	360	360	-	
<i>Húsnæði alls</i>	<i>m²</i>	<i>7.738</i>	<i>7.738</i>	<i>3.701</i>	<i>3.701</i>	<i>3.248</i>	<i>3.522</i>
Skipakomur (yfir 100 tonn)							
Samanlögð stærð skipa	tonn	6.849.496	10.006.887	16.717.363	20.736.272	20.464.087	19.564.600
Skemmtiferðaskip og fjöldi farþega	fjöldi	7 / 1.623	68 / 18.950	184 / 170.770	262 / 306.311	259 / 321.966	240 / 330.474
Önnur skip	fjöldi	1078	1240	1267	1293	1192	1.158
Flutningar	tonn / TEU	3.304.549 / 321.627	3.680.852 / 365.630	3.720.000 / 365.835	3.577.728 / 439.228	3.578.228 / 412.851	3.522.460 / 420.376

Almennt um Greenhouse Gas Protocol

Líkt og fyrir árin 2018-2024 birta Faxaflóahafnir loftslagsbókhalda, s.s. losun gróðurhúsalofttegunda, samkvæmt hinni alþjóðlega viðurkenndu aðferðafræði GHG Protocol - Corporate Standard ásamt hefðbundnu grænu bókhalda líkt og hefur verið gert undanfarin ár.

Aðferðafræðin skiptir losun gróðurhúsalofttegunda í þrjú umfang.

- Umfang 1: Bein losun frá starfsemi fyrirtækisins, s.s. vegna bruna eldsneytis.
- Umfang 2: Óbein losun vegna notkunar á rafmagni og heitu vatni.
- Umfang 3: Óbein losun annarsstaðar í virðiskeðjunni vegna starfsemi Faxaflóahafna.

Umhverfisáhrif vegna reksturs Faxaflóahafna hafa einnig óbein áhrif, það þýðir að losun verður á gróðurhúsalofttegundum við vinnslu hráefna sem Faxaflóahafnir nota, en einnig þegar sorp er urðað. Það er mikilvægt að skilja hver þessi áhrif eru svo Faxaflóahafnir hafi frekari yfirsýn yfir umhverfisáhrif sem til verða vegna reksturs síns.

Á mynd 1 má sjá hvernig losun gróðurhúsalofttegunda 2025 skiptist á milli umfanga í rekstri Faxaflóahafna.

Umfang 1 telur stærsta hlutann af losuninni, eða um 71%. Á mynd 1 má sjá að helsti rekstrarþáttur Faxaflóahafna sem veldur losun gróðurhúsalofttegunda er bruni eldsneytis.

Umfang 2 telur hlutfallslega lítið í samanburði við hin umfangin, og helgast það af lítilli losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu rafmagns og heits vatns á Íslandi. Umfang 3 telur hlutfallslega mikið (28%), og þá helst er það framleiðsla eldsneytis sem Faxaflóahafnir nýtir í rekstri sínum sem vegur þyngst í því samhengi (58% af umfangi 3).


Sé litið á öll umfang, er losun gróðurhúsalofttegunda um 1.511 tonn árið 2025. Hér er einnig litið til losunar vegna ferða starfsfólks í og úr vinnu en sá losun fellur undir umfang 3 samkvæmt skilgreiningu GHG Protocol.

Binding kolefnis á vegum Faxaflóahafna nam 1.772 tCO₂í fyrir árið 2025. Þar af voru 1.196 tCO₂í bundin með endurheimt votlendis Katanestjarnarinnar og 576 tCO₂í bundin í skógi. Nettó losun Faxaflóahafna, sé litið á losun gróðurhúsalofttegunda í allri virðiskeðjunni, var því neikvæð, eða um -262 tCO₂í, sem þýðir að meira magn gróðurhúsalofttegunda hafi verið dregið úr andrúmslofti en var losað.

Sjá má í töflu 2 hvernig losun gróðurhúsalofttegunda skiptist á milli mismunandi hluta reksturs og umfanga eftir því hvar í virðiskeðju Faxaflóahafna losunin á sér stað.


Mynd 2 sýnir losunina miðað við lífsferil á þjónustu Faxaflóahafna. Bein losun er frá bruna eldsneytis í dráttarbátum og á eigin bifreiðum. Óbein losun verður vegna framleiðslu pappírs, rafmagns og eldsneytis efst í virðiskeðjunni, og vegna förgunar úrgangs neðst í virðiskeðju. Einnig er óbein losun vegna framleiðslu á seldu rafmagni, flugferða og ferðamáta starfsfólks og dreifingu á notuðu rafmagni, hita og vatni.

Mynd 1: Losun gróðurhúsalofttegunda (GHL) eftir uppruna árið 2025.



Tafla 2: Losun gróðurhúsalofttegunda í hverju umfangi í tCO₂i.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá '24
Umfang 1							
Brennslu eldsneytis á bílum og bátum	699,4	802,1	975,9	936,0	1.018,0	1.078,2	+6%
Umfang 2							
Raforkunotkun Faxaflóahafna (staðsetningartengd)	1,9	2,6	2,4	2,7	3,7	3,1	-18%
Raforkunotkun Faxaflóahafna (markaðstengd)	122,3	189,0	202,2	0	0	0	-
Heitavatnsnotkun	8,4	8,7	11,0	12,9	15,1	11,9	-21%
Umfang 3							
Pappírnotkun	0,4	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0%
Úrgangur í skrifstofuhúsnaði	3,4	2,4	2,5	-	-	-	-
Úrgangur frá eigin starfsemi á hafnarsvæðum	15,7	19,2	19,8	18,7	26,8	66,2	147%
Flugferðir starfsfólks	5,0	1,1	25,3	13,2	135,2	45,3	-66%
Ferðir starfsfólks í og úr vinnu	48,3	37,9	29,5	23,1	34,2	43,3	27%
Framleiðsla og flutningur eldsneytis	138,9	181,0	219,7	210,4	228,6	242,1	+6%
Rafmagn keypt til endursölu á skip	25,8	26,0	24,5	19,2	18,3	20,4	11%
Rafmagnsnotkun leigjenda	6,9	6,3	4,2	0,0	0,0	0,0	-
Töp og losun í dreifikerfum	0,0	0,0	0,0	0,1	0,1	0,1	-65%
Umfang 1	699,4	802,1	975,9	936,0	1.018,0	1.078,2	+6%
Umfang 2 (staðsetningartengd)	10,3	11,3	13,4	15,5	18,8	14,9	-20%
Umfang 2 (markaðstengd)	-	-	-	-	222,5	0,0	-
Umfang 3	244,3	274,2	325,5	284,9	458,9	417,5	-6%
Samtals losun (staðsetningartengd)	954	1.088	1.315	1.236	1.480	1.511	-3%
Samtals losun (markaðstengd)	-	-	-	-	-	-	-
Kolefnisbinding	855	1.064	1.764	1.772	1.772	1.772	0%
Samtals losun mínus binding (staðsetningartengd)	99	24	-449	-536	-292	-262	-10%
Samtals losun mínus binding (markaðstengd)	-	-	-	-	-	-	-

Mynd 2: Losun gróðurhúsalofttegunda Faxaflóahafna (staðsetningartengd) eftir umfangum og kolefnisbindingu yfir árin 2018-2025.

Mest af óbeinni losun í umfangi 3 verður til vegna framleiðslu eldsneytis sem notað er í rekstri Faxaflóahafna, þar á eftir vegna flugferða starfsfólks, en losun vegna ferða starfsfólks í og úr vinnu telur um 10% og losun vegna úrgangsmýndunar frá eigin starfsemi á hafnarsvæðum telur um 16% af umfangi 3 árið 2025.


Lykiltölur í grænu bókhaldi

Ferðir starfsfólks í og úr vinnu


Árið 2018 var í fyrsta skipti gerð könnun á meðal starfsfólks hvernig og hversu langt ferðast er til og frá vinnu. Með því að greina losun vegna ferða í og úr vinnu má áætla óbeina losun gróðurhúsalofttegunda vegna reksturs Faxaflóahafna.

Niðurstöður könnunarinnar árið 2025 gefa til kynna að óbein losun vegna ferða starfsfólks í og úr vinnu er 43,3 tCO₂ á ársgrundvelli. Árið 2018 var þessi losun 51,2 tCO₂. Þegar litið er til tegunda orkugjafa vegna aksturs bíla var árið 2025 fyrsta árið þar sem rafbílar voru mest notaðir meðal starfsfólks, eða 24% af heildinni. Árið 2024 var dísill hins vegar mest notaði orkugjafinn og nam um 38% af heildinni. Um 22% koma gangandi eða hjólandi af heildinni og alls 58% velja sér vistvænan ferðamáta* að jafnaði.

Heildarlosun tCO₂ vegna ferða starfsfólks í og úr vinnu er um 3% af allri losun vegna reksturs Faxaflóahafna og 10% af óbeinni losun í umfangi 3.



Mynd 3: Skipting ferðamáta starfsfólks í og úr vinnu.



Mynd 4: Vegalengd starfsmanna Faxaflóahafna til vinnu.

* Vistvænn ferðamáti: Starfsfólk sem ferðast með almenningssamgöngum, fótgangandi, hjólandi (þ.m.t. rafhjóli /-skútu), á raf- eða metanbílum.

Raforka - notkun og sala

Faxaflóahafnir sjá um sölu raforku til skipa og báta í gegnum rafdreifikerfi auk þess að nýta það í eigin byggingum. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að sala raforku til skipa í gegnum rafdreifikerfi aukist frá ári til árs til að koma í veg fyrir að olía sé notuð til að keyra ljósavélar. Aukin sala raforku dregur þannig bæði úr notkun eldsneytis, losun mengunar til umhverfisins og hávaða. Í gjaldskrá Faxaflóahafna er tímabundið ákvæði sem gildir til ársloka 2027 um að fella niður bryggju- og lestargjald á rafknúna báta sem notaðir eru til skipulagðra siglinga með farþega.

Samdráttur var í heildarraforkunotkun (notkun og sölu) á milli ára. Sala á rafmagni til skipa og báta jókst um 33%.

Samdráttur var í rafmagnsnotkun dráttarbáta. Tafla 3 sýnir raforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna og sölu til skipa og báta. Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna hækkaði um 9% á árinu 2025.

Heitt og kalt vatn - notkun og sala

Faxaflóahafnir sjá um sölu á heitu og köldu vatni til skipa og báta auk þess að nýta það í eigin byggingum. Frá umhverfislegu sjónarmiði er æskilegt að draga úr óþarfa notkun á heitu og köldu vatni. Því er mikilvægt að nýta þá orku sem fer til upphitunar húsnæðis eftir bestu getu og fylgjast með notkun á köldu vatni, bæði í húsnæði Faxaflóahafna og við sölu til skipa og báta. Með því að fylgjast með keyptu magni af vatni og notkun er hægt að koma auga á vatnsleka sem geta átt sér stað frá lögnum.

Tafla 3: Raforkunotkun Faxaflóahafna í kWst.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá '24
Raforkunotkun í byggingum							
Bækistöð, gamla höfnin	85.779	148.735	118.224	117.248	147.863	112.893	-24%
Hafnarhús Bakkaskemmu	-	-	-	-	7.958	11.213	-
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, leigjendur og skrifstofa Faxaflóahafna*	191.903	178.874	-	-	-	-	-
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna**	55.331	51.574	58.944	94.627	94.420	91.401	-3%
Hafnarhús á Akranesi	12.942	12.040	20.426	22.612	21.793	81.570	-
Heildarraforkunotkun í byggingum Faxaflóahafna	290.624	339.649	200.767	234.487	272.034	297.077	9%
Heildarraforkunotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna	154.052	212.349	200.767	234.487	272.034	297.077	9%
Raforkunotkun á dráttarbáta Faxaflóahafna	150.282	234.038	182.916	212.508	212.780	179.968	-15%
Rafdreifikerfi (rafmagn selt í skip og báta)	4.051.246	4.448.599	3.980.935	3.218.724	2.386.394	3.179.891	33%


* Tryggvagata 17 var seld til Reykjavíkurborgar og leigusamningur um áframhaldandi afnot Faxaflóahafna af eigin skrifstofurými undirritaður 13. desember 2021. Frá og með 2022 er því eingöngu reiknað með raforkunotkun þess hluta húsnæðisins sem er í notkun Faxaflóahafna; raforkunotkun annarra rýma tilheyrir leigjendum Reykjavíkurborgar.

** Áætluð notkun.

Notkun á heitu vatni

Heildarnotkun á heitu vatni í skrifstofuhúsnæði Faxaflóahafna minnkaði um 8% milli ára 2024 og 2025. Notkun á heitu vatni dróst saman á öllum starfsstöðvum á milli ára nema í vigtarhúsi - og hafnarhúsi á Akranesi, þar sem notkun jókst. Dráttarbátar voru stærsti notandinn og námu 42% af heildarnotkun árið 2025.

Notkun á heitu vatni í húsnæði Faxaflóahafna við Tryggvagötu er áætlað út frá fermetrafjölda. Tafla 4 sýnir heitavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna í rúmmetrum. Mynd 5 sýnir skiptingu heitavatnsnotkunar á milli starfsstöðva Faxaflóahafna árið 2025.



Mynd 5: Skipting heitavatnsnotkunar á milli starfsstöðva Faxaflóahafna árið 2025.

Tafla 4: Heitavatnsnotkun Faxaflóahafna í m³.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá '24
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu*	5.899	5.883	3.886	6.580	6.868	6.726	-2%
Bækistöð, gamla höfnin	4.092	7.957	8.708	9.959	9.086	7.091	-22%
Vigtarhús, gamla höfnin	2.106	476	140	706	498	365	-27%
Vigtarhús, Akranes	601	403	67	145	151	172	14%
Hafnarhúsið Akranesi	779	734	624	846	767	971	27%
Dráttabátar Faxaflóahafna	6.831	7.120	10.710	10.643	10.531	11.255	7%
Samtals	20.308	22.573	24.135	28.879	27.901	26.580	-8%

* Áætluð notkun

Notkun á köldu vatni

Faxaflóahafnir selja kalt vatn til báta, skipa og fyrirtækja auk þess að nota það í starfsemi sinni. Nokkuð er um óútskýrða notkun sem tengist að mestu leyti nauðsynlegu sírennsli á vatnslögnum yfir vetrartímann í eldri lögnum í gömlu höfninni í Reykjavík og á Akranesi til þess að koma í veg fyrir frostsKemmdir á lagnakerfinu. Einnig er mikil vatnsnotkun við löndunarbakka smábáta sem ekki er tekjufærð. Reynt er að draga úr óútskýrðri notkun með úrbótaverkefnum.

Tafla 5 sýnir innkaup, sölu og útskýrða notkun á köldu vatni hjá Faxaflóahöfnum. Með útskýrðri notkun er átt við það hlutfall af keyptu magni sem er annaðhvort selt í skip og báta eða notað í húsnæði Faxaflóahafna. Með því að fylgjast með keyptu magni af vatni og notkun er hægt koma auga á hvort vatnsleki eigi sér stað frá lögnum.

Innkaup á köldu vatni á bryggjum lækkaði um 4% á milli ára. Útskýrð vatnsnotkun var um 39%, sem er hækkun frá 2024. Sala á köldu vatni til skipa og báta minnkaði um 1% milli áranna 2024 og 2025. Tafla 6 sýnir kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna.

Tafla 5: Innkaup, sala og útskýrð kaldavatnsnotkun í m³.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá '24
Kalt vatn, innkaup á köldu vatni fyrir bryggjur	179.520	215.129	204.949	275.056	295.991	283.127	-4%
Kalt vatn, sala í skip og báta	36.534	51.349	82.348	86.240	102.557	101.741	-1%
Kalt vatn, sala til fyrirtækja	8.073	11.131	10.129	23.686	11.025	7.469	-32%
Útskýrð vatnsnotkun	25%	29%	45%	40%	38%	39%	1%

Tafla 6: Kaldavatnsnotkun í húsnæði Faxaflóahafna í m³.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá '24
Skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu, húsnæði í notkun Faxaflóahafna*	241	240	279	391	1.076	549	175%
Hafnarhúsið Akranesi	44	35	39	42	36	-	-
Fiskmarkaðshús Akranesi	-	-	-	-	-	13.987	-
Bækistöð, gamla höfnin	292	262	291	295	344	150	-56%

* Áætluð notkun.


Eldsneytisnotkun

Notkun eldsneytis (skipaolíu, dísel og bensín) tengist rekstri ökutækja og báta. Skipaolía er notuð á báta í eigu Faxaflóahafna en díselolía og bensín á bifreiðar og vélar. Jarðefnaeldsneyti er óendurnýjanleg auðlind og brennsla eldsneytis veldur losun mengandi efna til umhverfisins, m.a. gróðurhúsalofttegunda. Frá umhverfislegu sjónarmiði er mikilvægt að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis, bæði með því að velja sparneytnari skipavélar og bifreiðar og huga að því hvort hægt sé að velja vélar og tæki sem nota endurnýjanlega orkugjafa.

Hjá Faxaflóahöfnum eru notaðar þrjár eldsneytistegundir (skipaolía, díselolía (ólituð og lituð) og bensín). Notkun eldsneytis er aðallega á fjóra báta í eigu Faxaflóahafna. Notkun eldsneytis hækkaði um 6% milli áranna 2024 og 2025.

Árið 2025 var útblástur gróðurhúsalofttegunda vegna bruna á jarðefnaeldsneyti um 1.078 tCO₂i, og hækkaði um 6% milli ára. Árið 2016 hófu Faxaflóahafnir að fylgjast með útblæstri skipa á hafnarsvæði fyrirtækisins. Sænska umhverfisráðgjafafyrirtækið IVL sér um magnútreikninga útblástursefnanna út frá fjölda og tegund skipa. Mat er lagt á magn gróðurhúsalofttegundanna, koldíoxíð (CO₂), metan (CH₄), niturtvíoxíð (NO₂), nituroxíð (NO_x) og vetnishalókölefni (HC).

Auk þessa er mat lagt á magn svifryks (PM₁₀ og PM_{2,5}) og brennisteinstvíoxíðs (SO₂). Með þessum upplýsingum geta Faxaflóahafnir fylgst með losun útblástursefna frá skipum og lagt mat á hversu mikið landtengingar skipa geta dregið úr þessari losun á hafnarsvæðum Faxaflóahafna. Mestur fjöldi skipa hefur viðkomu á hafnarsvæði gömlu hafnarinnar, en stærstu skipin hafa almennt viðkomu í Sundahöfn. Í töflu 8 má sjá losun útblástursefna frá skipum á hafnarsvæði Faxaflóahafna árið 2025.



Mynd 6: Skipting eldsneytisgerða árið 2025 í starfsemi Faxaflóahafna ásamt hlutfalli á milli bíla og tækja, og báta.

Tafla 7: Eldsneytisnotkun í rekstri Faxaflóahafna.

	2020		2021		2022		2023		2024		2025		Breyting frá '24
Eldsneytisnotkun	Lítrar	kgCO ₂ íg	Lítrar	kgCO ₂ íg	Lítrar	kgCO ₂ íg	Lítrar	kgCO ₂ íg	Lítrar	kgCO ₂ íg	Lítrar	kgCO ₂ íg	
Skipaolía	195.652	610.833	227.590	227.590	291.547	905.746	284.238	881.713	315.314	978.110	334.897	1.038.857	6%
Díselolía lituð	285	766	2.167	2.167	3.254	8.781	3.680	9.786	1.901	5.060	3.669	9.765	93%
Dísil	29.186	78.448	30.230	30.230	22.152	59.784	16.654	44.289	12.830	34.148	10.985	29.237	-14%
Bensín	4.028	9.323	3.151	3.151	673	1.575	104	244	291	685	133	313	-54%
Metan	0	0	670.000	311	1.791.000	4	2.186.000	1.014	2.297.000	5	1.629.000	3	-29%
Alls		699.371		263.138		975.885		936.037		1.018.007		1.078.176	6%

Tafla 8: Losun útblástursegna frá skipum á hafnarsvæði Faxaflóahafna.

2025	CO ₂ (tonn)	NO _x (kg)	HC (kg)	PM (kg)	SO ₂ (kg)	Fjöldi skipa
Akranes höfn	410	4.000	200	100	100	26
Grundartanga höfn	6.650	66.800	3.100	2.000	2.000	150
Gamla höfnin	14.480	138.200	7.000	3.600	3.600	5.146
Sundahöfn	51.250	468.100	18.000	14.700	14.700	677
Samtals	72.790	677.100	28.300	20.400	20.400	5.999
Breyting m.v. 2024	0%	1%	0%	17%	0%	0%

Pappírnotkun

Faxaflóahafnir nota eingöngu umhverfisvænan skrifstofupappír. Þó svo að pappírinn sjálfur sé endurnýjanleg auðlind er mikilvægt að minnka notkunina þar sem óendurnýjanlegar auðlindir og orka eru ávallt notaðar við framleiðslu, flutning og endurvinnslu pappírsins.

Haldið er utan um notkun á A4 skrifstofupappír. Árið 2025 voru notuð um 14.000 blöð á skrifstofunni í Tryggvagötu, sbr. töflu 9. Þetta magn samsvarar um 70 kg af pappír.

Úrgangur

Faxaflóahafnir flokka þann úrgang sem myndast í starfsemi fyrirtækisins og taka á móti úrgangi sem myndast á hafnarsvæðum hjá smábátaeigendum. Mikilvægt er að draga úr myndun almenns úrgangs og spilliefna, auka endurvinnslu þess úrgangs sem til fellur og sjá til þess að spilliefnum sé fargað á ábyrgan hátt. Magn úrgangs frá starfseminni getur sveiflast umtalsvert á milli ára og fer að miklu leyti eftir umfangi endurbóta- og viðhaldsverkefna á hverjum tíma. Úrgangur frá eigin starfsemi er aðgreindur frá öðrum úrgangi sem safnað er frá opnum svæðum og smábátum.

Tafla 9: Pappírnotkun í rekstri Faxaflóahafna.

	2020		2021		2022		2023		2024		2025		Breyting frá '24
	Fjöldi	kg	Fjöldi	kg	Fjöldi	kg	Fjöldi	kg	Fjöldi	kg	Fjöldi	kg	
Skrifstofupappír	75.750	383	50.000	250	20.000	100	19.000	95	14.000	70	14.000	70	0%

Úrgangur - frá starfsemi Faxaflóahafna

Í töflu 10 má sjá myndun úrgangs í eigin starfsemi Faxaflóahafna árið 2025.

Blandaður úrgangur fer í urðun en annar úrgangur er endurunnninn. Tæpur helmingur úrgangs sem myndaðist á árinu fór til urðunar. Þarna er tækifæri til frekari flokkunar og endurvinnslu.

Úrgangur - móttekinn og nýttur hjá Faxaflóahöfnum


Ýmsar tegundir efna sem teljast til úrgangs hjá einum aðila eru fyrirmyndar hráefni hjá öðrum. Dæmi um þetta eru slitnir hjólbarðar og fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum. Faxaflóahafnir taka á móti töluverðu magni af hjólbörðum á hverju ári sem notaðir eru í þybbur á bryggjur auk þess sem efni í flæðigryfjur frá stóriðju á Grundartanga nýtast til landfyllinga á svæðinu, sjá í töflu 11 og mynd 8.

Tafla 10. Úrgangur frá eigin starfsemi 2025 í kg.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Reykjavík	Grundartangi	Borgarnes	Akranes	Samtals
Blandaður úrgangur	Förgun	47.310	-	-	1.387	48.697
Bylgjupappi	Endurvinnsla	2.740	0	0	1.203	3.943
Grófur úrgangur	Förgun	19.420	-	-	40	19.460
Lífrænt til moltugerðar	Endurvinnsla	1.469		0	120	1.589
Hjólbarðar	Endurvinnsla	5.740	0	100	-	5.840
Málmar	Endurvinnsla	4.960	0	0	-	4.960
Blandaðar plastumbúðir	Endurvinnsla	460	2	0	190	652
Gler og postulín	Förgun	0	0	0	-	0
Timbur	Endurvinnsla	8.600	98	6.460	-	15.158
Timbur, litað og blandað	Endurvinnsla	15.960	0	0	-	15.960
WC úrgangur	Förgun	0	0	0	-	0
Garðaúrgangur	Endurvinnsla	3.120	0	0	-	3.120
<i>Úrgangur alls</i>	-	<i>109.779</i>	<i>100</i>	<i>6.560</i>	<i>2.940</i>	<i>119.379</i>
Úrgangur til förgunar		61%	0%	0%	49%	57%
Úrgangur til endurvinnslu		39%	100%	100%	51%	43%

Tafla 11: Úrgangstegundir sem nýtast sem hráefni hjá Faxaflóahöfnum.

Úrgangstegundir	Meðhöndlun	Eining	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Hjólbarðar	Endurvinnsla (bybbur)	stk	1.256	1450	757	1.395	579	507
Efni í flæðigryfjur frá stóriðju	Endurvinnsla (fyllingarefni)	m ³	13.700	13.700	12.170	13.300	13.300	13.300
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum á Grundartangasvæðinu	Endurvinnsla (fyllingarefni)	m ³	0	0	0	0	0	0
Fyllingarefni og jarðvegur frá framkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu	Endurvinnsla (fyllingarefni)	m ³	0	0	0	0	0	0



Mynd 8: Magn fylliefna sem nýtast Faxaflóahöfnum borið saman á milli ára.

Úrgangur - þjónusta við smábátæigendur

Faxaflóahafnir sjá um að safna saman úrgangi sem myndast hjá smábátæigendum á hafnarsvæði fyrirtækisins. Heildarmagn almenns úrgangs frá Reykjavík, Grundartanga og Akranesi hækkaði um 30 tonn sem samsvarar um 74% hækkun á milli áranna 2024 og 2025. Eins og áður féll mestur úrgangur til á hafnarsvæðum í Reykjavík (66%). Tafla 12 sýnir úrgang sem safnað er á hafnarsvæði.

Faxaflóahafnir bjóða upp á aðstöðu fyrir smábátæigendur til þess að skila inn spilliefnum. Faxaflóahafnir hafa bætt aðstöðu fyrir móttöku

úrgangsolíu og spilliefna á Akranesi og á Grundartanga. Brýnt er fyrir eigendum smábáta að ganga vel um aðstöðuna og flokka öll spilliefni á viðeigandi staði.

Í töflu 13 má sjá magn úrgangsolíu og annarra spilliefna sem safnaðist á hafnarsvæðinu árin 2020 til 2025. Móttaka spilliefna hefur vaxið í Reykjavík. Vonandi bendir það til betri flokkunar og umgengni um varasöm úrgangsefni.

Tafla 12: Úrgangur sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði í tonnum.

Úrgangstegundir	Reykjavík						Akranes						Samtals					
	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Blandaður úrgangur	11	13	12	10	21	21	15	10	11	15	11	11	26	24	23	25	31	31
Bylgjupappi	5	6	9	9	7	6	0	0	0	0	0	0	5	6	9	9	7	12
Grófur úrgangur	18	23	11	3	0	8	4	11	0	0	1	1	22	34	11	4	1	10
Lífrænt til moltugerðar					0						0	0					0	0
Hjólbarðar	0	0	0	0	0	-	2	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0
Málmar	0	0	0	0	0	-	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0
Blandaðar plastumbúðir	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0
Gler og postulín	0	0	0	0	0	-	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Tímbur	0	0	0	0	0	11	1	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	12
Tímbur, litað og blandað	0	0	0	0	0	-	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	6
WC úrgangur					0	-					0	0					0	-
Garðúrgangur	0	0	0	0	0	-	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-
Úrgangur alls	34	42	32	23	28	47	24	21	11	17	12	12	58	63	43	40	41	71
Meðhöndlun																		
Úrgangur til förgunar	85%	87%	73%	58%	74%	63%	81%	100%	97%	93%	93%	93%	83%	91%	79%	73%	78%	57%
Úrgangur til endurvinnslu	15%	13%	27%	42%	26%	37%	19%	0%	3%	7%	7%	7%	17%	9%	21%	27%	22%	43%

Úrgangur - frá skipum

Faxaflóahöfnum ber skylda til að útvega móttöku úrgangs og farmleyfa frá skipum og tryggja að meðhöndlun úrgangs í móttökustöð sé í samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum. Auk þess eiga Faxeafloahafnir að halda utan um magn þess úrgangs frá skipum sem nýta hafnaraðstöðu þeirra..

Utanaðkomandi verktakar eða Faxeafloahafnir sjá um losun sem útgerð greiðir fyrir. Í töflu 14 má sjá heildaryfirlit yfir úrgang og spilliefni frá skipum sem fluttur var frá borði á mismunandi hafnarsvæðum

Tafla 13. Úrgangsolía sem safnað er saman fyrir hafnarsvæði.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Reykjavíkurhöfn (L)	4.920	4.160	5.460	5.960	8.430	4.180
Reykjavíkurhöfn, olíumengaður sjór (L)	0	0	0	0	0	0
Akraneshöfn (L)	118	1.855	1.060	680	1.110	980
<i>Spilliefni alls (L)</i>	<i>5.038</i>	<i>6.015</i>	<i>6.520</i>	<i>6.640</i>	<i>9.540</i>	<i>5.160</i>
Reykjavík spilliefni (kg)	4.725	5.197	2.211	1.186	1.684	2.544
Akranes, spilliefni (kg)	1.980	1.225	61	70	2.559	3.928
Grundartangahöfn, spilliefni (kg)	0	340	691	235	235	381
<i>Spilliefni alls (kg)</i>	<i>6.705</i>	<i>6.762</i>	<i>2.963</i>	<i>1.491</i>	<i>4.478</i>	<i>6.853</i>

Tafla 14. Úrgangur frá skipum, fluttur frá borði, Heildarmagn 2025.

		Reykjavík	Grundartangi	Akranes	Samtals
Úrgangstegundir	Meðhöndlun	m ³	m ³	m ³	m ³
Blandaður úrgangur	Förgun	2.083	49	8	2.140
Aska		16	-	-	16
Óvinnsluhæfur rekstrarúrgangur	Förgun	593	3	-	596
Dýrahæ	Förgun	4	-	-	4
Matarúrgangur	Förgun	710	9	2	721
Veiðarfæri	Endurvinnsla	1	-	-	1
Plast	Endurvinnsla	836	54	2	892
<i>Úrgangur alls</i>	-	<i>4.243</i>	<i>115</i>	<i>12</i>	<i>4.370</i>
Spilliefni		27	1	-	28
Skólp		-	-	-	-
Kjölvatn (þ. lítar)		422	7	3	432
Úrgangsolía og olímengaður sjór (þ. lítar)		3.574	22	17	3.613
<i>Alls spilliefni, kjölvatn og olía</i>		<i>4.023</i>	<i>30</i>	<i>20</i>	<i>4.073</i>
Alls		8.266	145	32	8.443

Mengunaróhöpp

Ef mengunaróhapp verður á hafnarsvæði ber að tilkynna það til Faxaflóahafna. Einnig ber að tilkynna óhöpp á skipum og bátum þar sem mengandi efni hafa lekið úr tilheyrandi umbúðum og geta valdið mengunaróhöppum. Þetta gildir bæði fyrir mengunaróhöpp sem verða við starfsemi Faxaflóahafna og þeirra sem leigja svæði af Faxaflóahöfnum. Haldið hefur verið utan um þau óhöpp sem tilkynnt hafa verið, en ekki er hægt að tryggja að öll óhöpp séu tilkynnt til Faxaflóahafna.

Átján mengunaróhöpp voru tilkynnt til Faxaflóahafna á árinu 2025. Þrettán þessara óhappa áttu sér stað á sjó, fimm á landi - sjá töflu 15. Flest þessara óhappa má rekja til olíuleka í óverulegu magni.

Tafla 15. Mengunaróhöpp tilkynnt til Faxaflóahafna.

	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Tilkynnt óhöpp á landi	2	5	3	1	3	5
Tilkynnt óhöpp á sjó	10	3	6	9	6	13
<i>Mengunar-óhöpp alls</i>	<i>12</i>	<i>8</i>	<i>9</i>	<i>10</i>	<i>9</i>	<i>18</i>

Dýpkun hafna

Faxaflóahafnir nýta eins og hægt er það efni sem verður til við dýpkun hafna (tafla 16). Dýpkun hafna getur krafist þess að fjarlægja þurfi mengað set sem koma þarf fyrir, t.d. í landfyllingum. Ávinningur við notkun dýpkunarefna til landgerðar er töluverður ef um ómengað efni er að ræða þar sem efnistaka og efniskaup sparast.

Efsta lag botnsets í höfnum getur innihaldið meira magn þungmálma og þrávirkra lífrænna efna (t.d. PAH og PCB) en það magn sem fyrir kemur í dýpri lögum. Þetta aukna magn má rekja til ýmissa aðgerða mannsins, bæði til aðgerða sem varða hafnarstarfsemi, sem og starfsemi sem er að öllu ótengd höfnum (s.s. bílaumferð, fráveitu o.s.frv.). Áður en dýpkunarefnum frá höfnum er ráðstafað eru gerðar ítarlegar mengunarmælingar á þeim og heppileg staðsetning fyrir losun þeirra er ávallt fundin í samráði við Umhverfisstofnun.

Landfyllingar

Landfyllingar eru hluti af stækkun hafnarsvæði og byggingu hafnarmannvirkja. Landfyllingar hafa áhrif á náttúrulega lögun hafnarinnar, auk þess að breyta samsetningu þeirra jarðefna sem eru til staðar innan hafnarsvæðisins (t.d. með endurnýtingu fyllingarefna og jarðvegs frá framkvæmdum).

Hjá Faxaflóahöfnum er haldið utan um upplýsingar um landsvæði sem fer undir landfyllingar og tegundir og magn efna sem notað er til landfyllinga sbr. töflu 17.

Notkun efnis frá dýpkunarframkvæmdum auk fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum er skilgreind sem endurvinnsla. Fyllingarefni frá útboðsverkum skilgreinast ýmist sem endurvinnsla eða efni úr námum. Sá verktaki sem vinnur að umræddri framkvæmd útvegar það efni sem þarf til framkvæmdarinnar.

Tafla 16. Magn dýpkunarefnis sem nýtt er til landgerðar og varpað er í hafið í m³.

	2020	2021	2022	2023	2024
Dýpkunarefni nýtt til landgerðar	0	0	0	26.210	0
Dýpkunarefni varpað í hafið	309.160	0	0	0	0
<i>Heildarmagn dýpkunarefnis</i>	<i>309.160</i>	<i>0</i>	<i>0</i>	<i>26.210</i>	<i>0</i>

Tafla 17. Landsvæði til landfyllinga og magn og tegundir efna sem notuð voru til landfyllingar.

		2020	2021	2022	2023	2024	2025
Landsvæði til landfyllinga	ha	1,1	0,6	0,0	0,6	0,6	0,0
Magn efna til landfyllinga, áætluð skipting							
Dýpkunarefni til landgerðar	m ³	0	0	0	26.210	0	0
Endurvinnsla fyllingarefnis og jarðvegs frá framkvæmdum og rekstri	m ³	95.055	0	0	0	0	0
Efni í flæðigryfjur frá stóriðju	m ³	13.700	12.180	12.170	13.300	12.300	12.100
Fyllingarefni í útboðsverkum	m ³	0	0	0	9.900	38.000	0
Keypt fyllingarefni úr námum í sjó	m ³	0	0	0	0	0	0
<i>Alls efni til landfyllinga</i>	<i>m³</i>	<i>108.755</i>	<i>12.180</i>	<i>12.170</i>	<i>49.410</i>	<i>50.300</i>	<i>12.100</i>
Landstækkarir:	ha						
Vesturhöfn:	ha	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Slippasvæði:	ha	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kleppssvæði:	ha	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Kleppsvík:	ha	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Klettasvæði	ha	0,9	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
Grundartangi:	ha	0,2	0,6	0,0	0,0	0,0	0,0
<i>Alls:</i>	<i>ha</i>	<i>1,1</i>	<i>0,6</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>	<i>0,0</i>

Gerlamælingar sjávar

Faxaflóahafnir fylgjast með ástandi sjávar með gerlamælingum í höfnum Faxaflóahafna. Sýnatökur og mælingar eru framkvæmdar af Landbúnaðarháskóla Íslands. Til viðmiðunar eru notuð sömu mörk og eiga við um neysluvatn. Niðurstöður mælinganna eru birtar á heimasíðu Faxaflóahafna. Niðurstöður benda ekki til þess að ástand á tilteknum stöðum sé viðvarandi slæmt. Í töflu 18 má sjá niðurstöður mælinga á saurkóligerlum og entrókokkum sem gerðar voru árið 2025.

Flokkur	Ástand
I	Mjög lítil eða engin saurmengun (<14/100ml)
II	Lítil saurmengun (14-100/100ml)
III	Nokkur saurmengun (100-200/100ml)
IV	Mikil saurmengun (200-1000/100ml)
V	Ófullnægjandi ástand vatns (>1000/100ml)

Sjá töflu á næstu blaðsíðu.

Tafla 18: Gerlamælingar sjávar árið 2025.

Saurkólígerlar 2025	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Sýnatökustaður												
Reykjavík - Eyjargarður	310	200	38	2	1	<1	6	40	55	44	38	140
Reykjavík - Grandabryggja	300	230	84	4	110	24	9	94	42	77	69	290
Reykjavík - Verbúðabryggja	610	150	250	90	32	130	290	190	65	210	160	300
Reykjavík - Suðurbugt	120	95	88	140	230	490	24	95	30	180	230	270
Reykjavík - Mið-Austurbakki	350	160	41	30	31	820	9	63	45	160	130	230
Reykjavík - Skarfaklettur	290	210	42	8	8	55	1	38	60	19	21	190
Reykjavík - Vatnagarðabakki	180	23	43	59	13	26	24	75	13	10	25	62
Grundartangi - Tangabakki	6	1	<1	<1	<1	70	1	9	5	1	49	<1
Borgarnes - Brákarey	60	16	30	8	<1	2	5	22	40	11	<1	57
Akranes - Aðalhafnargarður	100	5	20	16	<1	<1	<1	410	590	7	21	170

Entrókokkar 2025	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí	Júní	Júlí	Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Sýnatökustaður												
Reykjavík - Eyjargarður	55	40	6	2	<1	10	10	3	5	6	7	26
Reykjavík - Grandabryggja	7	43	5	1	29	2	2	38	<1	26	9	46
Reykjavík - Verbúðabryggja	320	40	22	40	30	45	45	7	13	37	7	13
Reykjavík - Suðurbugt	32	33	16	12	6	10	10	11	1	41	35	41
Reykjavík - Mið-Austurbakki	42	36	9	68	1	39	39	19	22	45	17	23
Reykjavík - Skarfaklettur	68	29	6	13	<1	<1	<1	5	7	2	2	16
Reykjavík - Vatnagarðabakki	54	7	5	14	<1	<1	<1	23	11	2	4	14
Grundartangi - Tangabakki	4	1	<1	<1	<1	<1	<1	11	3	<1	3	1
Borgarnes - Brákarey	13	5	7	1	<1	<1	<1	3	7	2	<1	<1
Akranes - Aðalhafnargarður	19	1	1	1	<1	<1	<1	40	34	<1	<1	<1

Samantekt á lykiltölum í grænu bókhaldi 2025

Í töflu 19 má sjá samantekt og samanburð á helstu tölum í grænu bókhaldi Faxaflóahafna. Sérstakur samanburður er gerður við árið 2024 og eru breytingar í prósentum gefnar upp í síðasta dálki töflunnar. Binding vegna skógræktar og endurheimt votlendis er aðgreind neðst í töflunni. Sú binding nær umfram beina og óbeina losun vegna reksturs Faxaflóahafna.

Viðauki - yfirlýsing ráðgjafa

KPMG ehf. var ráðið af Faxaflóahöfnum til aðstoðar við gerð þessa græna bókhalds. Faxaflóahafnir er ábyrgt fyrir skýrslugjöfinni í heild og því að afhent gögn, sem skýrslan byggir á, séu rétt. KPMG fór yfir gögnin, reiknaði út umhverfisáhrif í samræmi við Greenhouse Gas Protocol og aðstoðaði við uppsetningu skýrslunnar. Vinna KPMG var ekki unnin í samræmi við endurskoðunar- eða staðfestingarstaðla.

Tafla 19: Samantekt á lykiltölum í grænu bókhaldi.

Eining		2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá '24
Almennar upplýsingar								
Starfsmenn Faxaflóahafna	Fjöldi	79,5	78,5	78,5	76	76	82	8%
Bifreiðar í eigu Faxaflóahafna	Fjöldi	27	21	25	28	29	32	10%
Bílar knúðir eldsneyti	Fjöldi	24	16	12	11	9	9	0%
Rafbílar í eigu Faxaflóahafna	Fjöldi	3	4	12	16	19	22	16%
Metanbílar í eigu Faxaflóahafna	Fjöldi		1	1	1	1	1	0%
Bátar í eigu Faxaflóahafna	Fjöldi	4	4	4	4	4	4	0%
Húsnæði Faxaflóahafna, valdar byggingar (alls)	m ²	7.738	7.738	3.701	3.701	3.248	3.522	8%
Skipakomur farþegaskipa (yfir 100 tonn) og fjöldi farþega	Fjöldi	7 / 1.623	68 / 18.950	184 / 170.770	262 / 306.311	259 / 321.966	240 / 330.474	-
Önnur skip (yfir 100 tonn)	Fjöldi	1.078	1.240	1.267	1.293	1.192	1.158	-3%
Raforka (notkun - sala)								
Heildarnotkun í byggingum Faxaflóahafna	kWst.	290.624	339.649	200.767	139.860	272.034	297.077	9%
Heildarnotkun í byggingum í notkun Faxaflóahafna	kWst.	154.052	212.349	200.767	234.487	272.034	297.077	9%
Rafmagn keypt til endursölu á skip	kWst.	4.051.246	4.448.599	3.980.935	3.218.724	2.386.394	3.178.891	33%
Vatnsnotkun (notkun - sala)								
Kalt vatn, innkaup á köldu vatni fyrir bryggjur	m ³	179.520	215.129	204.949	275.056	295.991	283.127	-4%
Kalt vatn, sala í skip og báta	m ³	36.534	51.349	82.348	86.240	102.557	101.741	-1%
Kalt vatn, sala til fyrirtækja	m ³	8.073	11.131	10.129	23.686	11.025	7.469	-32%
Útskýrð vatnsnotkun	%	25%	29%	45%	40%	38%	39%	1%
Eldsneytisnotkun								
Skipaolía	ltr	225.123	259.987	291.547	284.238	315.314	334.897	6%
Dísil	ltr	29.471	32.397	25.406	20.334	14.731	14.654	-1%
Bensín	ltr	4.028	3.151	673	104	291	133	-54%
Metan	Nm ³		670	1.791	2.186	2.297	1.629	-29%
Uppspretta útstreymi gróðurhúsalofttegunda								
Losun vegna bruna eldsneytis	tCO ₂ i	699	802	976	936	1018	1078	6%
Kolefnisjöfnun	tCO ₂ i	-855	-1.064	-1.764	-1.772	-1.772	-1772	0%

Tafla 19: Samantekt á lykiltölum í grænu bókhaldi (áframhald).

Mælieining	2020	2021	2022	2023	2024	2025	Breyting frá '24
Pappírsmotkun							
Skrifstofupappír kg/starfsf.	4,82	3,19	1,28	1,25	0,92	0,85	-7%
Almennur úrgangur - frá skrifstofuhúsnæði í Tryggvagötu							
Úrgangur (alls) kg	4.725	5.464	5.422	-	-	-	-
Úrgangur til förgunar %	52%	44%	48%	-	-	-	-
Úrgangur til endurvinnslu %	48%	56%	52%	-	-	-	-
Almennur úrgangur (alls) - þjónusta við smábátaeigendur							
Úrgangur (alls) kg	57.560	62.730	43.467	40.495	40.575	70.780	74%
Úrgangur til förgunar %	84%	91%	79%	73%	80%	57%	-29%
Úrgangur til endurvinnslu %	16%	9%	21%	27%	20%	43%	116%
Úrgangur - mótttekinn og nýttur hjá Faxaflóahöfnum							
Hjólbarðar Stk.	1256	1450	757	1.395	579	507	-12%
Efni í flæðigryfjur frá stóriðju m³	13.700	13.700	12.170	13.300	13.300	13.300	0%
Fyllingarefni og jarðvegur (m³) m³	0	0	0	0	0	0 m³	-
Úrgangur og spilliefni frá skipum, flutt frá borði							
Blandaður úrgangur m³	360	6.592	11.784	7.412	5.828	2.140	-63%
Spilliefni m³	0	24	26	0	0	28	-
Skólp m³		40	12	0	0	0	-
Kjölvatn m³	1.596	77	2	549	0	432	-
Úrgangsolía og mengaður sjór m³	575	505	12	3.090	3.830	3.613	-6%
Mengunaróhöpp							
Tilkynnt óhöpp á sjó og landi Fjöldi	12	8	9	10	9	18	100%
Dýpkunarefni til landgerðar							
Nýtt til landgerðar m³	0	0	0	26.210	0	0	-
Varpað í hafið m³	309.160	0	0	0	0	0	-
Binding gróðurhúsalofttegunda							
Skógræktin tCO ₂ í	506	542	568	576	576	576	0%
Endurheimt votlendi tCO ₂ í	349	522	1.196	1.196	1.196	1.196	0%
Alls tCO ₂ í	855	1.064	1.764	1.772	1.772	1.772	0%

